


Með vísan til greinar 5.1 í starfsleyfi Als, álvinnslu hf., og í ljósi reynslu af starfsemi félagsins og mælingum á hugsanlegum áhrifum verksmiðju félagsins á umhverfi sitt, hefur félagið ákveðið að gera svofellda

Vöktunaráætlun

Vakta skal áhrif reksturs félagsins á samsetningu sjávar og flúorinnihald jarðvegs árin 2013-2022. Gildandi vöktunarkerfi félagsins tekur til vöktunar á öðrum þáttum og vísast til þess.

Samsetning sjávar í næsta nágrenni við skolgryfju

Tilgangur er að meta hvaða áhrif skolgryfja hefur í sjónum fyrir utan gryfjuna. Mælt verður hvort merkja megi útstreymi gjallsands og uppleystra efna úr skolgryfju í sjósýnum.



Tekin verða sýni á einum stað utan við skolgryfju (A) í á 1 m dýpi næst landi þar sem sjór streymir örugglega út. Þá verða tekin sýni á 1 m dýpi nyrst í Helgúvíkurhöfn á sama tíma. Sýni skulu tekin árlega að sumri í góðu veðri skömmu eftir háflæði. Efnisinnihald sýna skal skráð einkum með tilliti til niturs, flúors og áls.

Flúorinnihald jarðvegs

Tilgangur er að kanna hvort merkja megi uppsöfnun á flúor í jarðvegi, vegna starfsemi verksmiðju félagsins. Magn flúors í jarðvegi skal mælt árlega í 1000 m fjarlægð SSA frá verksmiðju (mesta ríkjandi vindátt yfir land) í 0,2 m dýpi. Staðarákvörðun taka mið af ríkjandi vindátt. Þá skal að auki mæla samsvarandi í 1000 m fjarlægð frá lóð félagsins vegna væntanlegrar byggingar þar.

Sýnataka og mælingar skulu vera í höndum óháðra aðila.

Fyrirætlanir um frekari iðnaðaruppbyggingu í Helgúvík fela í sér umhverfsvöktun fleiri aðila. Alur, álvinnsla hf. mun endurskoða þessa vöktunaráætlun í samstarfi við þessa aðila með það fyrir augum að heildstæð umhverfsvöktun á svæðinu eigi sér stað.

Reykjavík, 13. desember 2012.

Sambýkkt m. bréfi
14. jan 2013